

Fundur nefndar vegna Nýtingaráætlunar Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða, haldinn mánudaginn 11. nóvember 2013.

Fundarmenn

Aðalsteinn Óskarsson FV, Elías Jónatansson Bolungarvíkurkaupstað, Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ, Gunnar Páll Eydal Teiknistofunni Eik, Kristján Andri Guðjónsson Ísafjarðarbæ, Ketill Elíasson Bolungarvíkurkaupstað.

Auk þeirra voru á fjarfundi Ester Rut Unnsteinsdóttir Súðavíkurhreppi, Hafdís Sturlaugsdóttir Strandabyggð og Jón Gísli Jónsson Strandabyggð.

Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri FV ritaði fundargerð.

Aðalsteinn Óskarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundarstaður fundar skipulagshóps 18. nóvember nk.

Fyrsta mál á dagskrá var staðsetning fundar skipulagshóps þann 18 nóvember.

Gerð var athugasemd við val á fundarstað á Hólmavík, bent var á að um lagt ferðalag væri að ræða fyrir meginþorra fulltrúa hagsmunaaðila og viðbrögð við fundarboði benti til að stefndi í veruleg forföll. Nefndin tók ákvörðun um að fundurinn yrði haldinn í sal Þróunarsetursins á Ísafirði.

2. Breyting á nefndarmönnum hjá Ísafjarðarbæ

Tilkynnt að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefði samþykkt að fundi sínum 20. september 2013 að skipa Benedikt Bjarnason, Ísafirði inn í nefndina sem varamann Kristjáns Andra í stað Línu Bjargar Tryggvadóttur.

3. Lýsing áætlunar

Gunnar Páll fór yfir lýsingu áætlunarinnar. Lýsingin þarf að fara í kynningar- og umsagnarferli eftir samþykkt nefndarinnar og samþykki sveitarstjórna. Gunnar fór yfir kaflaskiptingu lýsingarinnar og bað um umsögn frá nefndinni.

Ester tók til máls og benti á að í töflu 1 – kemur ekki fram hver ber ábyrgð á gagnaöflun og skráningu og hver myndi framkvæma hana. Gunnar Páll tók til máls og benti á að nefndin bæri ábyrgð á verkefninu og starfsmenn FV og Teiknistofunnar Eik bæru ábyrgð á utanumhaldi og þar með að afla þeirra gagna sem nefndin bendir á. Nefndin tók ákvörðun um að þetta atriði mætti koma skýrar fram í texta og mun Gunnar Páll bæta því við.

Farið var yfir lýsinguna sem Gunnar Páll hafði unnið að og komu nefndarmenn með nokkrar ábendingar um orðalagsbreytingar og var Gunnari Páli falið að lagfæra þær.

Kristján Andri tók til máls og spurði hve djúpt ætti að fara í það að vinna Nýtingaráætlunina varðandi Hornstrandafriðlandið. Hann bendir á að þar sem á eftir að vinna frekari vinnu varðandi friðlandið (nýtingaráætlun) þá væri e.t.v. verið að tvívinna áætlun varðandi þetta svæði. Hann varpaði því fram hvort skynsamlegt væri að undanskilja friðlandið í þessari vinnu. Eftir umfjöllun um málið voru allir nefndarmenn ásáttir um að æskilegt væri að breyta ekki skipulagsmörkunum (sbr. afmörkun í lýsingu).

Ester tók til máls og benti á að mikilvægt væri að kalla eftir upplýsingum um uppeldisstöðvar fiska í Jökulfjörðum. Gunnar Páll mun kalla eftir þeim gögnum.

Gísli Halldór tók til máls og bað um að skoðað yrði hvort að öll veiðifélög á skipulagssvæðinu séu í Landssambandi veiðifélaga.

Í framhaldinu þarf að senda lýsinguna til sveitafélaga og síðar til stofnana til umsagnar. Gunnar Páll velti því upp hvernig ætti að kynna lýsinguna fyrir almenningi og spurði hvort að það eigi að auglýsa það í dagblöðunum eins og gert er við skipulagsáætlanir eða hvort að nóg væri að setja hana á heimasíður verkefnisins og sveitarfélaganna.

Elías Jónatansson fékk orðið og benti á gott væri að kynna verkefnið í blöðum. Þannig væri tryggt að verkefnið yrð kynnt nægjanlega og í samræmi við lög og hefðir í skipulagsvinnu. Nefndin tók ákvörðun um setja auglýsingu í dagblöð svo að rétt sé staðið að kynningu verkefnissins.

Ester fékk orðið og benti á að einnig þurfi að kalla eftir skýrslum varðandi náttúrufar í fjörum (fjöruvist). Gunnar Páll mun kanna hvort að skýrslur séu til varðandi þetta atriði.

Nefndin samþykkti lýsinguna með gerðum breytingum með öllum atkvæðum.

4. Staða annarra þátta verkefnis.

Gunnar Páll varpaði upp glærum sem sýndu viðbrögð stofnana er varðar samstafs við gerð Nýtingaráætlunar. Verkefnastjóri FV sendi fyrir í haust beiðni til ýmissa stofnana varðandi samstarf við gerð Nýtingaráætlunar. Flestar stofnanirnar hafa svarað og tekið vel í erindið og tilgreint tengiliði. Beiðnin verður ítrekuð við þær stofnanir sem enn hafa ekki svarað.

Fulltrúar í skipulagshópi voru beðnir að skila inn svörum við spurningum er komu fram í gögnum er dreift var á síðasta fundi skipulagshóps þann 18. september sl. Níu fulltrúar úr skipulagshópi hafa skilað þeirri greiningu (svörum við spurningu). Gunnar Páll mun senda ítrekun til þeirra sem ekki hafa svarað enn.

5. Stefnumörkun sveitarfélaga.

Gunnar Páll benti á að nú þyrfti að ræða hvernig eigi að marka stefnu um strandsvæðið og þá hvort eigi að marka stefnu um Vestfirði í heild. Í þeirri vinnu er nú fer fram er eingöngu fjallað um Ísafjarðardjúp og Jökulfirði. Gunnar telur það vera ákveðinn veikleika að vinna áætlanir í bótum án sameiginlegrar sýnar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Í bígerð eru miklar áætlanir um fiskeldi á Vestfjörðum og er því spurningin hvort sveitarfélög séu tilbúin að gefa umsagnir um þessar áætlanir þegar þar að kemur? Er nægur grunnur til þess að marka stefnu í dag um Djúpið?

Gunnar Páll spurði einnig hvort aðkoma íbúa á Vestfjörðum væri nægjanleg í þessu samhengi. Hvað finnst þeim um þróunina – einkum í fiskeldismálum? Spurning er hvort að þurfi að fara fram umfjöllun við íbúa varðandi þessa vinnu en sú umfjöllun yrði vandasöm þar sem ekki er víst að íbúar hafi forsendur til að svara þeirri spurningu. Þessi umræða gæti farið fram á íbúafundi sem áætlað er að halda til að kynna verkefnið. Einnig var varpað fram þeirri hugmynd að gera einhvers konar könnun um málið.

Gunnar bendir á að í Tálknafirði og Vesturbyggð sé nú þegar starfandi nefnd um nýtingaráætlun og með því að kalla saman fulltrúa frá Árneshreppi, Reykhólahreppi, og Kaldrananeshreppi þá sé kominn hópur sem geti fjallað um málið. Einnig kom fram tillaga um að halda aukafundur varðandi þetta málefni.

Gunnar Páll benti á að þar sem ekki er til lagarammi um skipulagsáætlanir á strandsvæðinu þá hafi leyfisveitendur enga sýn og því muni þeir veita leyfi til ýmissa athafna svo fremi sem eitthvað stórkostlegt hindri það ekki.

Nefndin telur mikilvægt að íhuga þetta en engin ákvörðun var tekin varðandi málið á fundinum. Nefndin er sammála um að umræðan sé mjög mikilvæg.

6. Málefni skipulagshóps.

Nefndin samþykkir að hagsmunaaðilar geti tekið með sér áheyrnarfulltrúa og skorðast það við fjölda varamanna. Þessir aðilar eru aðeins áheyrnarfulltrúar og hafa ekki atkvæðarétt né málfrelsi í hópnum.

Gunnar Páll mun senda nefndinni drög að dagskrá næsta fundar skipulagshóps.

7. Tengsl við önnur verkefni

Arnarfjarðarverkefnið bíður núna afgreiðslu bæjarstjórna. Væntanlegt er að það muni klárast á næstunni.

Aðalsteinn og Gunnar Páll gerðu stuttlega grein fyrir ferð sinni á Umhverfisþing. Á þinginu voru tvær þemur og fjallaði önnur þeirra um haf- og strandsvæði. Um 400 manns sóttu þingið og því greinilegt að mikill áhugi er á málefnum.

8. Áætlun og framhald verkefnisins

Um fjöllun var um fjármögnun verkefnisins en það fær í dag framlag af Sóknaráætlun landshluta. Aðalsteinn kynnti að fjármögnun væri í uppnámi miðað við tillögu að í frumvarpi til fjárlaga 2014, en tillaga er um að fjármagn til Sóknaráætlana landshluta verði þurrkað út. Hinsvegar eru málefni strandsvæða að fá verulega aukinn hljómgrunn í stjórnkerfinu. Þann 25 október sl. sendi Umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun bréf þar sem fram kemur að þeim sé falið að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026. Stofnuninni er falið að leggja áherslu á fimm megin þætti í þeirri vinnu og er einn þeirra „skipulag á haf og strandsvæðum“. Í ljósi þessa áhuga stjórnvalda á gerð strandsvæðaskipulags þarf að fara fram umræða við ráðherra um að tryggja fjármögnun skipulagsins.

Tillaga hefur komið upp um hvort að hagsmunaaðilar ættu að borga fyrir vinnu vegna nýtingaráætlunar.

Gísli Halldór telur að það væri til mikilla bóta ef ríkið kæmi að heildar rannsóknum um hvað væri ásættanlegt að úthluta miklu fiskeldi inn í þá firði sem koma til greina. Ekki er búið að rannsaka nægjanlega hvað svæðin þola. Þessi aðferð væri æskilegri aðferð en að láta einstaka einkaaðilar vinna að þessu.

Svar mun koma samkvæmt fjárlögum 3. desember hvort að fjármagn verði sett í vinnu nýtingaráætlunar.

Fundi slitið 12.24.